

8.3.2016

Til Stjórnarskrárnefndar Alþingis

Bjarni M. Jónsson, MRM, sérfræðingur í auðlindastjórnun, bendir á eftirfarandi varðandi drög að nýrri stjórnarskrá.

Byggt á setningunni „Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi“ sem er sérkennileg setning og algerlega ofaukið.

Hvaða land er til dæmis verið að tala um? Er verið að tala um land í einkaeigu? Er þá hægt að auka við rétt almennings („*lögmætum tilgangi*“) á einkaeignarlandi á kostnað landeigenda takmarkalaust, með nýrri lagasetningu?

Við lifum við markaðshagkerfi á Íslandi og er egnarrétturinn hornsteinn þess.

Þessi drög bera það með sér að búa á til ný réttindi til handa almenningi á kostnað landeigenda, án þess að fara lögformlega eignarnámsleið. Þetta samræmist enganveginn starfsháttum líðræðisríkis.

Það er greinilegt að horft er á sviðið úr aðeins einni átt þ.e frá þeim sem ekki eiga lönd og jarðir en vilja engu að síður nýta eignir annarra fyrir eigin þarfir.

Almenningur verður að sætta sig við það að fjöll og dalir eru víða í einkaeign á sama hátt og bílar og bílskúrar eru víða í einkaeign. Sama á við um aðrar einkaeignir svo sem fjöll, dali, hóla og hæðir, ár og vötn, fjöruna og netlögin sem ná út á 6,88 metra dýpi á stórstraumsfjöru.

Það gæti vissulega verið notalegt fyrir þá sem hvorki eiga bíl eða bílskúr ef sett yrði í stjórnarskrána að bílar og bílskúrar væru **háðir** þjóðareign og til notkunar fyrir hvern sem vildi. Flestir eiga auðvelt með að sjá hverslags vitleysa það væri.

Samkvæmt hagfræðinni er það stærsti kostur egnarréttarins að eigandinn hugsar um sína eign en ef enginn á mun fjöldinn misnota sameignina og ganga af henni dauðri. Með egnarréttar hugsuninni varð takmarkað aðgengi að og góð umgengni um sjávarauðlindina að veruleika, þannig að í dag á ofveiði sér ekki stað lengur.

Í stað þess að koma með tillögu að þokukenndri stjórnarskrá varðandi einkaeignarrétt ætti að orða þetta skýrar og styrkja einkaeignarréttindin í henni. Það væri einnig þjóðráð að láta venjulegt fólk lesa stjórnarskrárdrögin yfir og orða síðan á þann hátt að ekki megi túlka hana á marga vegu og að hún sé einnig skiljanleg öllu venjulegu fólki.

Varðandi rétt fólks til að fara á milli staða þá hefur hann færst út á þjóðvegina og er fólk frjáls för um allt land eftir þeim. Það að halda því fram að skemmtiferðir á fjallatoppa sé forn réttur er kjánalegt. Það vita flestir að fólk til forna forðaðist of mikil ferðalög, því skóbúnaður þess dugði illa og var dýr. Að halda því fram að fólk hafi almennt stundað fjallgöngur sér til skemmtunar passar því engan veginn, því hver vildi skemma roð- eða sauðskinnskóna sína að óþörfu.

Með vinsemdu,

Bjarni M. Jónsson